

Fornleifakönnun vegna lagningu jarðstrengs milli Brjánslækjar og Hvamms á Barðaströnd



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Ágúst 2014

NV nr. 15-15

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Markmið og aðferðir	3
2.1 Tilgangur fornleifaskráninga	3
2.2 Aðferðafræði	4
3. Skrá yfir fornleifar	5
3.1 Rauðsdalur Neðri - 99.....	5
3.2 Hvammur -101	10
4. Niðurstaða	12
4.1. Kort 1.....	13
4.2 Kort 2.....	14
5. Heimildaskrá	15

1. Inngangur

Að beiðni Halldórs Magnússonar hjá Orkubúi Vestfjarða gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifakönnun vegna lagningu jarðstrengs frá Hvammi að Brjánslæk á Barðaströnd. Vettvangsvinnu annaðist Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafraeðingur sem einnig sá um skýrsluskrif. Vettvangsvinna var unnin 25. júlí.

Línan er um 10 km löng en þegar hefur hluti hennar verið lagður í jörðu.

2. Markmið og aðferðir

2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögini eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögini að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem: búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af

manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir: „fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjastofnun Íslands viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12. gr.). „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.)“

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsóknir eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Aðferðafræði

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Allar minjar sem fundust á vettvangi voru skráðar og staðsetningarpunktur teknir á hverjum stað með Trimble Pro gps tæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

3. Skrá yfir fornleifar

Númerin eru fengin úr Jarðatali Johnsen frá 1847 (d. Tunga 157). Síðan fær hver minjastaður raðnúmer í skránni (d.- Rauðsdalur Neðri 99-001). Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsen, flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

3.1 Rauðsdalur Neðri - 99

Fornleifaskráning Rauðsdalur Neðri

99-001

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Rúst

Staðsetning: A: 302156 N: 561488


Staðhættir: Um 680 m vestur af bænum Neðri Rauðsdal eru rústir. Þar sést túngarður ásamt nokkrum rústum útihúsa. Í örnefnaskrá segir:



„Niður af Stekknum er Skarðatún (43). Þar var áður fyrr grasbýli, og minnir Valdimar, að kölluð hafi verið þar Grænatóft (44). Þarna voru rústir, en eru nú löngu horfnar og komnar í tún. Stekkurinn mun vera frá þeim tíma, er búið var á Skarðatúni.“¹ Ein rústin er mjög greinileg og líklega yngir en hinar sem eru grónar og lágar. Mjög líklegt er að þetta sé umrætt grasbýli og ekki eru allar rústirnar komnar

Mynd 1. Túngarður. Tekið i suður.

undir tún, þær eru hinsvegar nokkuð ógreinilegar. Samsetning þessara rústa bendir til að þarna hafi



Mynd 2. Rúst 99-001 er löng lína og sést hér norðan og austan megin við aðrar rústir á mynd. Gráa rústin er sú sem er ógróin á svæðinu. Sjá mynd 3.

¹ Örnefnaskrá Efri Rauðsdals.

² Örnefnaskrá Neðri Rauðsdals.

einhvern tímann staðið býli.

Minjalýsing: Túngarðurinn er enn sjáanlegur sem hálfhringur en hann hefur upprunalega verið stærri. Garðurinn er nokkuð útflattur og er um 3 metrar á breidd. Þetta bendir til þess að hann hafi verið hlaðin úr torfi og sé gamall. Lengd garðsins er 104 m sem er sýnilegur á staðnum en 100 m í viðbót við hann sunnan megin koma í ljós á loftmynd. Hannliggurofan við rústirnar og niður austan við rústasvæðið.

99-002

Hlutverk: Útihús/stekkur

Tegund: Rúst

Staðsetning: A: 302136 N: 561460

Staðhættir: Um 680 m vestur af bænum Neðri Rauðsdal eru rústir. Þar sést túngarður ásamt nokkrum rústum útihúsa. Í Örnefnaskrá segir: „Niður af Stekknum er Skarðatún (43). Þar var áður fyrr grasbýli, og minnir Valdimar, að kölluð hafi verið þar Grænatóft (44). Þarna voru rústir, en eru nú löngu horfnar og komnar í tún. Stekkurinn mun vera frá þeim tíma, er búið var á Skarðatúni.²“



Mynd 3. Rúst, líklega stekkur. Tekið í norður.

Minjalýsing: Rústin er mjög greinileg og er hlaðin út grjóti. Hún er eitt hólf og ekki gróin eins og að aðrar rústir á svæðinu (sjá mynd 4). Rústin er 7x5 m að utanmáli og veggir nokkuð innfallnir. Hún er 1x5 m að innanmáli. Veggir hafa verið um 1 m á breidd.

² Örnefnaskrá Neðri Rauðdals.


99-003

Hlutverk: Útihús/Býli

Tegund: Rúst

Staðsetning: E: 302126 N: 561465

Staðhættir: Um 680 m vestur af bænum Neðri Rauðsdal eru rústir. Þar sést túngarður ásamt nokkrum rústum útihúsa. Í örnefnaskrá segir: „Niður af Stekknum er Skarðatún (43). Þar var áður fyrr grasbýli, og minnir Valdimar, að kölluð hafi verið þar Grænatóft (44). Þarna voru rústir, en eru nú löngu horfnar og komnar í tún. Stekkurinn mun vera frá þeim tíma, er búið var á Skarðatúni.“



Mynd 4. Rúst 99-002 og 99-003.

Minjalýsing: Við hlið rústar [002] er ógreinileg og gróin rúst sem líklega hefur skipst í nokkur rými, en var mælt inn sem eitt. Þessi rúst viðist ganga undir rúst [002]. Líklega eru þetta leifar af bæjarhúsum þessa grasbýlis.



Mynd 5. Ógreinilegri rúst við hlið [002].


99-004

Hlutverk: Útihús

Tegund: Rúst

Staðsetning: E: 302140 N: 561473

Staðhættir: Um 680 m vestur af bænum Neðri Rauðsdal eru rústir. Þar sést túngarður ásamt nokkrum rústum útihúsa. Í örnefnaskrá segir: „Niður af Stekknum er Skarðatún (43). Þar var áður fyrr grasbýli, og minnir Valdimar, að kölluð hafi verið þar Grænatóft (44). Þarna voru rústir, en eru nú löngu horfnar og komnar í tún. Stekkurinn mun vera frá þeim tíma, er



Mynd 6. Rúst 99-004.

búið var á Skarðatúni³." Beint ofan við rúst [002] er rúst af útihúsi. Líklega fjárhús með hlöðu eða heytóft.

Minjalýsing: Rústin er gróin og hleðslur lágar en nokkuð djúpar dældir þar sem rýmin voru. Stærð rústarinnar er í heild 16 metrar á lengd og 11 metrar á breidd. Hlaðan eða heytóftin er aftan (norðan) við fjárhúsið. Líklegra er að um sé að ræða heytóft þar sem þessar rústir eru líklega nokkuð gamlar.

99-005

Hlutverk: Útihús/Býli

Tegund: Rúst

Staðsetning: E: 302089 N: 561498

Staðhættir: Um 680 m vestur af bænum Neðri Rauðsdal eru rústir.

Þar sést túngarður ásamt nokkrum rústum útihúsa. Í örnefnaskrá segir:

„Niður af Stekknum er Skarðatún

(43). Þar var áður fyrr grasbýli, og minnir Valdimar, að kölluð hafi verið þar Grænatóft (44). Þarna voru rústir, en eru nú löngu horfnar og komnar í tún. Stekkurinn mun vera frá þeim tíma, er búið var á Skarðatúni.⁴“ Fast við túngarðinn ofan við fjárhús rústina og líklegar bæjarrústir eru tvær rústir sem líklega eru af útihúsum. Þær eru hlið við hlið.


Minjalýsing: Stærri rústin er mjög gróin og veggir lágir og útflattir. Rústin er opin til suðurs og er eitt rými. Hún er 11 metrar á lengd og 8 metrar á breidd. Það sér í einstaka stein í veggjum.

99-006


Hlutverk: Útihús/Býli

Tegund: Rúst

Staðsetning: E: 302106 N: 561498



Mynd 7. Rúst 99-005 og 99-006, sést að hluta til einnig í rúst 99-001.



Mynd 8. Rúst 99-005 og 99-006, sést að hluta til einnig í rúst 99-001.

³³ Örnefnaskrá Neðri Rauðsdals

⁴ Örnefnaskrá Efri Rauðsdals.

Staðhættir: Um 680 m vestur af bænum Neðri Rauðsdal eru rústir. Þar sést túngarður ásamt nokkrum rústum útihúsa. Í örnefnaskrá segir: „Niður af Stekknum er Skarðatún (43). Þar var áður fyrr grasbýli, og minnir Valdimar, að kölluð hafi verið þar Grænatóft (44). Þarna voru rústir, en eru nú löngu horfnar og komnar í tún. Stekkurinn mun vera frá þeim tíma, er búið var á Skarðatúni.⁵“ Fast við túngarðinn ofan við fjárhúsið og líklegar bæjarrústir eru tvær rústir sem líklega eru af útihúsum. Þær eru hlið við hlið.

Minjalýsing: Minni rústin er 3 m frá rúst [006] og er líka gróin með lága útflatta vegg. Hún er opin í austur og er 9x3 metrar að utanmáli.

99-007

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Rúst

Staðsetning: E: 302397 N: 561491

Staðhættir: Um 500 metra norðvestur af Efri Rauðsdal er beitarhúsarúst. Í Örnefnaskrá segir: „Fyrir utan Russá og fyrir neðan Nautahjalla eru Breiðar (33). Þær eru graslendi milli giljanna (Stekkjargilja), flatneskja, sem hefur ekki verið ræktuð, enda er þarna harðlent og ekki ræktunarland. Fyrir utan Breiðar er Stekkur (34). Þar er nú nýtt tún, Stekkjartún (35), en stekkurinn fór ekki inn í túnið, og sést þar enn tóftarbrot.,⁶⁷

Minjalýsing: Rústin er ílöng og stendur við lítinn læk. Hún er 14 m á lengd og 5 m á breidd.

⁵ Örnefnaskrá Efri Rauðsdals.

⁶ Örnefnaskrá Neðri Rauðsdals

⁷ Örnefnaskrá Neðri Rauðsdals

3.2 Hvammur -101

Hvammur fornleifaskráning 101-002

Hlutverk: Óþekkt/hoftóft

Tegund: Rúst

Staðsetning: E: 299621 N: 562057

Staðhættir: Um 130 metra norð-vestur af rúst [101-001] og um 5 m suður af vegi er lítill rúst. Að sögn ábúenda í Hvammi ólst hún upp við að þessi rúst væri kölluð hoftóft.



Mynd 9. Fornleifafræðingur stendur við hina meintu hoftóft. Tekið í norð- austur.

Minjalýsing: Rústin er mjög lítill eða um 2 m á lengd að innanmáli og 1 m á

breidd. Utanmál hennar er 3x2 m. Veggir eru um 40 cm á hæð. Rústin er afskaplega sérstök og erfitt að gera sér grein fyrir notkunargildi svona lítils húss.

101-003


Friðlýst fornleif

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Rúst

Staðsetning: E: 299712 N: 561966

Staðhættir: Um 300 m suðaustur af Hvammi í gömlu túni sem er neðan við þjóðveginn er friðlýst rúst. Hún hefur nýlega verið merkt með friðlýsingarskilti frá Minjastofnun Íslands. Í Skrá yfir friðlýstar fornleifar frá 1990 segir: „**Hvammur.** a. Forn, aflangur hringur suðvestur á túninu, nefndur "Lögrjetta". 33 (Sléttaður út fyrir allnokkrum árum. (Þjms. Drög að spjaldskrá um



Mynd 10. Rúst 101-003.

friðlýstar fornleifar).“⁸ Samkvæmt Friðlýsingarskrá hefur rústin verði sléttuð. Engu að síður er vel greinileg rúst í túninu sem hefur nýlega verðið merkt af starfsmönnum

⁸ Skrá um Friðlýstar fornleifar 1990.

Minjastofnunar. Hvað sem rétt er þá er þarna hringlaga rúst með ferhyrndri rúst við enda sem var mæld upp. Fyrirhuguð lína liggur þvert yfir þessa friðlýstu rúst.



Mynd 11. Friðlýst rúst sem kölluð er lögrétta í landi Hvamms.

Í Árbók hins Íslenska fornleifafélags frá 1882 segir: „Þennan dag hafði ég þá athugað marga merka sögustaði; kom ég ofan að Hvammi seint um kveldið, og var þar um nóttina. Laugardaginn, 11. júní, hugði ég að ýmsu í Hvammi, leitaði þar að hoftótt, enn fann enga [...] Þar til sýnist þetta vera of lítið. Niðri í túninu er hringmynduð girðing aflöng; hún er sem upphækkun, nokkuð óglögg í laginu, og er kölluð lögrétta; önnur lík girðing er sýnd í túninu í Ásgarði, og víðar hefi eg heyrt lögréttu nefnda í túni á bœjum; ég held þetta hafi enga fornfræðislega þýðing.“⁹

Minjalýsing: Svo virðist sem þessi rúst sé ekki horfin eins og greint er frá í skrá yfir friðlýstar fornleifar. Þessi rúst er eins og Sigurður Vigfússon lýsir hringlaga en aflöng til endans. Hæð er um 30 cm og ekki sér í grjóti. Utanmál hringsins er 30 m og aflangi

⁹ Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1882:75.

hlutinn er 5 m á lengd og 4 m á breidd. Rústin er í mikilli hættu vegna ágangs nautgripa sem hafðir eru á beit þar sem rústin er.


4. Niðurstaða

Við skoðun á fyrirhugaðri línu kom í ljós að á bænum Neðri Rauðsdal fer línan í gegn um gamalt bæjarstæði, þar sem 6 minjar voru skráðar. Einnig var ein rúst við Rauðsá [99-007]. Línan liggur einnig beint yfir friðlýsta fornleif í landi Hvamms. Það er því ljóst að færa þarf línuna á þessum stöðum. Lagt er til að línan verði færð upp fyrir túngarðinn á býlinu í landi Neðri Rauðsdals. Líklega er að minjar séu undir sverði fyrir neðan minjarnar þar og þess vegna er besti kosturinn að færa línuna ofan við túngarð. Lagt er til að línan verði færð frá friðlýstri rúst í landi Hvamms. Oft sjást minjar ekki á yfirborði, komi minjar fram við framkvæmdir ber að stöðva þær strax og hafa samband við Minjavörð Vestfjarða.




Skýringar:




- Fyrirhugaður jarðstrengur
- Minjar
- 000-000 Nr. minja
- Hæðalínur




Fornleifakönnun vegna lagningu jarðstrengs
frá Brjánslæk að Hvammi á Barðaströnd
Kort 1 - Rauðsdalur
Mælikvarði: 1:2500 Dags: 5.8.2015
Náttúrustofa Vestfjarða
Hulda Birna Albertsdóttir



Skýringar:

-  Fyrirhugaður jarðstrengur
-  Minjar
- 000-000 Nr. minja
-  Hæðalínur



Fornleifakönnun vegna lagningu jarðstrengs
frá Brjánslæk að Hvammi á Barðaströnd

Kort 2 - Hvammur

Mælikvarði: 1:750 Dags: 5.8.2015

Náttúrustofa Vestfjarða

Hulda Birna Albertsdóttir

5. Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 7. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Sigurður Vigfússon. 1882. „*Rannsókn í Breiðaffarðardölum og í Þórsnesþingi og um hina nyrðri strönd 1881*“ eftir Sigurð Vigfússon. 60.-105 Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 2. árg., 1882, bls 60-105.

Ágúst Ó. Georgsson 1990. Fornleifaskrá. *Skrá um friðlýstar fornleifar*. Fornleifanefnd, Þjóðminjasafn Íslands.

Óprentaðar Heimildir

Örnefnastofnun Íslands

Örnefnaskrá fyrir Efri Rauðsdal. Barðastrandarhrepp.